



Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2022

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmarki 10.000 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 45.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **57.200** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði **18.000** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **6.400** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **9.000** kr./ha.

Gjalddagar:

Gjalddagar fasteignagjalda eru sex, frá 1. febrúar til 1. júlí, en á smærri upphæðum eru gjalddagar einn eða tveir. Gjaldalagi á 0-25.000 kr. er 1. febrúar fyrir hvert fasteignanúmer, en skiptist í tvo gjalddaga 1. febrúar og 1. mars fyrir upphæðir á bilinu kr. 25.001-50.000.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignaskattur verður eingöngu lækkaður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur samkvæmt skattframtali næst liðins árs.

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **50.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 3.736.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 6.106.706 kr/ári

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **30.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.670.807 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 7.633.382 kr/ári

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar 15. desember 2021

Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri